

ÁGRIP

Rannsóknir sýna að 5-15 % skólabarna eigi við einhverskonar hreyfiörðugleika að stríða. Þessi börn geta ekki sýnt fulla þátttöku í verkum og athöfnum er varða daglega iðju. Hreyfifærni er því einn þeirra þátta sem getur ákvarðað að hvaða marki börn geta tekið þátt í skólastarfi. Nákvæm greining og túlkun hreyfiörðugleika eykur möguleika á áhrifaríkri íhlutun. Hérlandis eru stöðluð hreyfiþroskapróf af skörnum skammti. Íslenskt fagfólk hefur notast við óformlega þýdd próf þar sem erlend viðmið eru notuð við túlkun niðurstaðna. Eitt þessara prófa er matstækið Movement Assessment Battery for Children (M-ABC). Tilgangur rannsóknarinnar var að forprófa matstækið M-ABC. Með forprófuninni var frammistaða íslenskra sjö og átta ára barna könnuð. Aflað var upplýsinga um hver heildarframmistaða sjö til átta ára íslenskra barna væri á matstækinu, hvort munur væri á heildarframmistöðu íslenskra barna og bandarísku prófstaðlanna og í framhaldi af því hvort merkjanlegur munur væri frammistöðu íslensku barnanna og þeirra bandarísku á einstökum prófþáttum. Til að framkvæma forprófun á M-ABC var valin megindleg rannsóknaraðferð sem flokkast undir aðferðafræðilegar rannsóknir og lýsandi tölfræði var notuð við greiningu gagna. Þátttakendur í rannsókninni voru sjö til átta ára nemendur í öðrum bekk Giljaskóla á Akureyri eða alls 47 nemendur. Kannaður var sá hluti matstækisins sem snýr að aldurshópi þátttakenda. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að aðeins var merkjanlegur munur á frammistöðu íslensku og bandarísku barnanna á einum prófþætti innan matstækisins. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að merkjanlegur munur var á fínhreyfiverkefninu „blómaslóð“ en á því verkefni stóðu bandarísku börnin sig betur en þau íslensku. Einnig var það tilfinning matsmanna að jafnvægisþættir matstækisins greindu ekki nægilega vel á milli barna með og án hreyfiörðugleika. Þessar niðurstöður ættu að veita gagnlegar vísbendingar um hvernig túlka beri niðurstöður íslenskra barna á M-ABC og auka líkur á vali rétrrar íhlutunar.

Lykilhugtök: Hreyfifærni, iðja, Movement Assessment Battery for Children (M-ABC), skólabörn.

ABSTRACT

Studies show that 5-15% of schoolchildren struggle with some sort of movement difficulties. These children cannot fully participate in tasks and activities concerning daily occupation. Movement ability is therefore one of the factors that can determine to which degree children can participate in school activities. Exact analysis and interpretation of movement difficulties increases the possibility of effective intervention. In Iceland, there are few standardised developmental tests of motor function. Icelandic professionals have been using standardised tests in a nonstandardized way as foreign standards are used to interpret the results. One of these tests is the assessment tool „Movement Assessment Battery for Children (M-ABC)”. The purpose of this was a project was to conduct a pilot study of the above mentioned standardised test. The performance of seven and eight year old Icelandic children was studied. The research problems investigated were: Overall performance of seven and eight year old Icelandic children on the M-ABC. The difference between the overall performance of these children and the American standards provided for the test. As well as noticeable differences between the performance of seven and eight year old Icelandic and American children on subtests of the instrument. A quantitative method, categorized as methodological research design, was applied to execute the pilot study of the M-ABC and descriptive statistics were used to analyse the data. Participants in the study were seven to eight year old students in the second grade in Giljaskóli in Akureyri, a total of 47 students. The part of the M-ABC that portrays the age band of the participants was studied. The results of the study indicated that there was only one aspect of the M-ABC that showed a noticeable difference in the performance of the Icelandic and American children. Thus, the results indicated that there was a noticeable difference in manual dexterity „flower trail” as the American children performed better than the Icelandic ones in relation to that particular task. It was also the feeling of the testers that the balance items on the M-ABC did not differentiate

with enough accuracy between children with or without movement difficulties. These results should provide useful clues as to how to interpret the results of Icelandic children and to increase the likelihood on the choosing appropriate intervention.

Key concepts: Movement ability, Movement Assessment Battery for Children (M-ABC), occupation, school children.